



Fréttabréf

Hveragerðisbæjar

1. tbl. · 3. árg. · 8. febrúar 2008 · Ábm. Aldís Hafsteinsdóttir



Börnin á Undralandi máluðu myndir undir styrki stjórn Sigrúnar Jónsdóttur listakonu. Sýning var síðan haldin í Listasafninu þar sem afraksturinn var til sölu. Börnin ákváðu að sölutekjurnar skyldu renna til góðs málefnis. Meðfylgjandi mynd er tekin af þessum duglegu krökkum þegar þau afhentu formanni Umhyggju, félags langveikra barna, andvirði sölnnar.

Mikið framkvæmdaár framundan

Vinna við undirbúning framkvæmda ársins er nú farin á fulla ferð. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 sýnir svo ekki er um villst að uppbygging verður áfram mikil í Hveragerði enda hefur sjaldan verið gert ráð fyrir meiri fjárfestingum en einmitt nú.

Áhersla ársins verður á uppbyggingu íþróttamannvirkja en mikil vinna er nú lögð í að fá mjúkhýsið svokallaða samþykkt af til þess bærum yfirvöldum. Fáist það samþykkt munu framkvæmdir við yfirbyggðan gervigrasvöll hefjast í vor. Verið er að leggja lokahönd á teikningar af aðstöðuhúsi fyrir knattspyrnuíðkendur við Grýluvöll. Mun tilkoma mannvirkjanna gjörbreyta allri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar og losa um tíma í íþróttahúsi bæjarins sem fyrir löngu er sprungið. Framkvæmdir við gatnagerð munu verða umtalsverðar. Þórsmörkin verður lögð bundnu slitlagi. Á áætlun er að ganga frá bílaplani við leikskólann Undraland og að átak verði gert varðandi útlit Breiðumerkur. Með þeim framkvæmdum mun miðbærinn fá langþráða andlitslyftingu. Framkvæmdir eru hafnar við innréttingu nýrrar slökkvistöðvar og starfshópur hefur þegar tekið til starfa vegna hönnunar viðbyggingar við grunnskólann. Lóðum verður úthlutað við Hjallabrún á árinu 2008 en til að komast að þeirri götu verður hluti Sunnumarkar lagður bundnu slitlagi. Unnið er að skipulagi svæðisins undir Hamrinum en kaup bæjarfélagsins á Ullarþvottastöðinni gefa nýja möguleika á því svæði. Fjárfestingar ársins að frádregnum tekjum eru 285 milljónir króna og má því með sanni segja að ár framkvæmda sé runnið upp.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri

Fréttapunktur frá Grunnskólanum í Hveragerði.

Haustönn er lokið og vorönn hafin í Grunnskólanum. Foreldradagur fór vel fram og var góð mæting hjá foreldrum og nemendum.

Líf og fjör hefur verið í skólafinu nú sem endranær. Félagsmiðstöðin hefur opnað aftur og verður fjölbreytt dagskrá þar fram að páska. Dagskrána má nálgast á heimasíðu grunnskólans.

Nemendur í 10. bekk hafa nýlokið við að skrá sig í samræmd próf sem verða í maí þannig að nú er lag að bretta upp ermar og taka sig á í námi fyrir vorið.

Gagnvirkur lestur

Á miðstigi hafa nemendur verið að vinna með gagnvirkan lestur sem er aðferð sem er kennd til að þjálfva nemendur í lesskilningi. Tengiliður við umsjónakennara er Edda Antonsdóttir kennslufræðingur á Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennarar og nemendur eru sammála um að þetta sé góð og gagnleg aðferð. Lesskilningur nemenda var kannaður áður en gagnvirki lesturinn hófst og síðan verður kannað með árangur fyrir páska. Það verður gaman að sjá hvort nemendur hafa þá bætt sig í lesskilningi.

Byrjendalæsi

Á yngsta stigi hafa nemendur fengið þjálfun með lestraraðferð sem heitir byrjendalæsi. Umsjónarkennarar eru í samskiptum við Rósu Eggertsdóttur kennslufræðing við Háskólann á Akureyri sem kemur reglulega og fylgist með. Mikil ánægja ríkir með vinnubrögð kennara grunnskólans og hafa birst myndir af verkefnum þeirra í fréttabréfi Háskólans á Akureyri.

Helga Guðjónsdóttir,
aðstoðarskólalastjóri

Menningarráð Suðurlands auglýsir
viðveru menningarfulltrúa í
Hveragerði vegna úthlutunar á
menningarstyrkjum vorið 2008.

**Viðtalstímar menningarfulltrúa,
Dorothee Lubecki
er á þriðjudegi 19. febrúar
kl. 13:30 - 15:00
á Bæjarskrifstofu,
Sunnumörk 2, Hveragerði.**

**Einnig er hægt að hafa samband
í síma 480 8207 / 896 7511 eða
með netpósti: menning@sudurland.is.**

Nýtt í félagsþjónustu

Sérstakar húsaleigubætur

Hveragerðisbær hefur tekið upp sérstakar húsaleigubætur. Þær eru ætlaðar fjölskyldum og einstaklingum sem eiga erfitt með að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika. Athugið að æskilegt er að panta viðtal hjá félagsráðgjafa áður en sótt er um sérstakar húsaleigubætur.

Akstursþjónusta fyrir eldri borgara

Tekin hefur verið upp akstursþjónusta fyrir eldri borgara. Bifreiðastöð Hveragerðis sér um aksturinn og greiða notendur 300 kr. fyrir hverja ferð. Akstursþjónustan miðast við þá sem hafa ekki aðgang að einkabíl og er sótt um hana á þar til gerðum eyðublöðum sem fást í afgreiðslu bæjarskrifstofunnar.

Nýr starfsmaður félagsþjónustu

Sandra Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi, hefur verið ráðin í 50% stöðu hjá félagsþjónustunni. Meginverkefni hennar eru umsjón með félagslegri heimþjónustu, málefni fatlaðra og húsaleigubætur.



Hverasvæðið í Hveragerði

Í haust var stofnaður Safnaklasi Suðurlands þar sem öllum söfnum, setrum, sýningum og gördum á Suðurlandi gafst kostur á að vera þátttakendur. Hverasvæðið er þátttakandi í þessu samstarfsverkefni.

Safnaklasinn stendur nú að útgáfu bæklinga og er ráðgert að hann komi út í febrúar. Hverasvæðið er með síðu í bæklingnum með myndum og öllum nauðsynlegum upplýsingum. Vonast er eftir að bæklingurinn bæti úr brýnni þörf á sameiginlegum upplýsingabæklingi um það fjölbreytta afþreyingar- og fræðslustarf sem söfn á Suðurlandi standa fyrir. Í sumar verða sett upp ný fræðslu og upplýsingaskilti, öryggishandrið og fleira sem til þarf svo að svæðið sé spennandi að heimsækja.

Framundan eru spennandi tímar á Hverasvæðinu og vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja Hvergerðinga til að heimsækja svæðið.

Sigurdís Lilja Guðjónsdóttir, forstöðumaður
Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands

Framkvæmdir hafnar í Kambalandi

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að þrátt fyrir slæmt veðurfar eru framkvæmdir hafnar við gatnagerð í Kambalandi.

Þar hefur fyrsti áfangi verið boðinn út en í honum er gert ráð fyrir 113 lóðum undir einbýlishús, rað- og parhús.

Nýverið var haldinn kynningarfundur um verkefnið þar sem Magnús Jónatansson, framkvæmdastjóri kynnti skipulag hverfisins og framtíðarsýn eigenda. Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, sagði gestum frá sögu og starfsemi Hjallastefnunnar, en viðræður eru hafnar milli Hveragerðisbæjar og Hjallastefnunnar um uppbyggingu leikskóla á svæðinu. Ómar Örn Jónsson, markaðsstjóri Öryggismiðstöðvar Íslands, kynnti að lokum fyrirkomulag öryggisvöktunar á svæðinu. Fundurinn endaði svo á fyrirspurnum og líflegum umræðum.

Hvergerðingar eru hvattir til að kynna sér uppbyggingaráformin á vefsíðunni www.kambaland.is

Frá Bókasafninu í Hveragerði

Margt spennandi er framundan í bókasafninu á árinu 2008. Til stendur að auka menningarstarfsemi á safninu og í tengslum við það. Fyrsti viðburðurinn var dagskrá tengd Færeyjum þann 19. janúar s.l. þar sem Pjetur Hafstein Lárusson las smásögu eftir Jens Pauli Heinesen og Drífa Hansen, færeysk stúlka söng við undirleik Harðar Friðþjófssonar. Á eftir var boðið upp á kaffi og spjall. Rúmlega 20 manns komu til að hlusta og lýstu yfir ánægju sinni með kvöldið.

Þann 14. febrúar n.k. kemur Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur í heimsókn á safnið og heldur fyrirlestur um nýjustu bækurnar eða "jólábókaflóðið". Margir munu kannast við Jón Yngva úr bókmenntagagnrýni Kastljóss fyrir jólin 2006 en hann segir skoðun sína umbúðalausta á hressan og skemmtilegan máta.

Þann 28. febrúar mun Þorsteinn Antonsson rithöfundur fjalla um tvær bækur sem hann sá um útgáfu á, Ólandssögu eftir Eirík Laxdal (1743-1815) sem kom út 2006 og Fyrstu sögur (sögur frá 17., 18. og 19. öld) sem kom út í fyrra. Um er að ræða fyrstu prentaða útgáfu af þessum handritum. Þetta framtak Þorsteins er mjög merkilegt og vel þess virði að vekja athygli á því.

Í byrjun mars verður Safnarakvöld. Þá verða fengnir valdir einstaklingar til að fjalla um söfnun og safnara og/eda segja frá því sem þeir hafa safnað eða safna enn. Sigríður Kristjánsdóttir mun sýna uglusafnið sitt og verður sú sýning næsta mánuðinn. Einnig munu uglumyndir barna úr grunnskólanum prýða veggj.

27. mars mun undirrituð segja ferðasögu leshrings af Suðurlandi sem fór á slóðir Jane Austen s.l. sumar og sýna myndir úr ferðinni ásamt því að fjalla örlítið um Jane og bækur hennar.

Á degi bókarinnar, 23. apríl er unnið að því að fá rithöfunda í heimsókn bæði í grunnskólann og bókasafnið.

Auk þessa sem að framan er talið verður þrjónakaffið áfram fyrsta mánuðagskvöld í hverjum mánuði, það síðasta í bili mánuðaginn 5. maí. Einnig verða sögustundir þriðja laugardag í hverjum mánuði kl. 13 út maí. Ef leikskólinn eða grunnskólinn óskar eftir sögustundum á öðrum tíma er bara að hringja og finna tíma sem hentar. Okkur finnst mjög gaman að fá barnahópa í heimsókn.

Umfra allt viljum við minna Hvergerðinga á að "lestur er bestur" og að "lestur er leið til fróðleiks". Bókasafnið er okkar allra, svo það er um að gera að nota sér það sem þar er boðið upp á. Verið öll velkomin til okkar.

Hlíf S. Arndal

Vinsælustu bækur síðasta árs á bókasafninu í Hveragerði eru:

1. **Harðskafi** eftir Arnald Indriðason
2. **Bíbi** sem Vigdís Grímsdóttir skræði
3. **Óreiða á striga** eftir Kristínu Marju Baldursdóttur
4. **Þúsund hjartar sólar** eftir Kamuk
5. **Aska** eftir Yrsu Sigurðardóttur
6. **Þar sem vegurinn endar** eftir Illuga Jökulsson.

Þessar bækur eru enn talsvert pantaðar og verða því ekki teknar af skammtímalánum í bráð en mjög margar af "jólábókunum" hafa nú verið teknar af skammtímaláni og lánast út í 30 daga, örfáar í 15 daga.

Forstöðumaður

Hunda- og kattaeigendur athugið!

Nokkuð hefur borið á lausum hundum undanfarið í bæjarfélaginu og kvartanir borist bæjarskrifstofunni vegna þessa. Slíkt er með öllu ólíkandi og því er vakin athygli á því að samkvæmt samþykkt um hundahald í Hveragerði mega hundar aldrei ganga lausir á almannafæri.

Brot á þeirri reglu getur haft í för með sér afturköllun leyfis til hundahalds. Lausa hunda ber að tilkynna til dýraeftirlitsmanns í síma: **897 0214**.

Ennfremur er vakin athygli á breytingu á gjaldskrá um kattahald en heimilt er nú að innheimta handsömunargjald vegna katta og skal það vera kr. 2.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.000 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað. Kattaeigendur skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum óþægindum eða ónæði en rétt er að muna að þó að gæludýrin séu okkur til mikillar gleði er ekki alltaf sjálfsgefið að nágrannar okkar séu sama sinnis.

Bæjarstjóri

Nú er tími til að klippa...

Mikill trjágróður er í Hveragerði og eftir því tekið hversu grænn og gróskumikill bærinn er orðinn. Við getum verið stolt af því.

Samkvæmt byggingarreglugerð þurfa lóðareigendur þó að gæta þess að gróður á lóð truflfi ekki vegfarendur á göngustígum eða ökumenn bifreiða og snjómokstur-stækja. *"Þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götur, gangstíga eða opin svæði er vegbaldara eða umráðamanni svæðis heimilt að fjarlægja þann hluta er truflun eða óþrygð veldur, á kostnað lóðarbafa"*.

Flestir garðeigendur í Hveragerði klippa tré sín, og sért þú búinn að því biðjumst við velvirðingar á þessari athugasemd, um leið og við vonum að garðeigendur sem ekki eru búnir að klippa hjá sér þau tré og limgerði sem skaga út fyrir lóðarmörk lagi þetta sem allra fyrst.

Forstöðumaður áhaldahúss, Elías Óskarsson.

Skólahreysti

Grunnskólinn í Hveragerði tekur nú þátt í skólahreysti í fyrsta sinn. Þar er keppt í ýmsum þrautum sem reyna á styrk, snerpu og þol. Fimmtudaginn 24. janúar var haldin undankeppni í Grunnskólanum til að skera úr um það hverjir tækju þátt fyrir hönd skólans.

Þeir sem keppa fyrir okkar hönd eru:

Hjalti Valur Þorsteinsson upphýfingar og dýfur.

Ingbjörg Björgvinsson hraðaþraut.

Karen Sif Óskarsdóttir armbeygjur og fitnessgreip.

Ágústa Gísladóttir hraðaþraut.

Skólahreysti fer fram á Selfossi þann 14. febrúar kl. 16:00. Þáttur um keppnina verður svo á Skjá einum þann 19.feb. kl. 20:00. Sigurvegarar skólahreysti á Selfossi taka síðan þátt í úrslitum í Laugardalshöllinni í vor. Fjölmennar stuðningsmannalið úr 8, 9 og 10 bekk mun fylgja keppendum á Selfoss og hvetja keppendur til dáða.

